



868. fundur stjórnar GSÍ, 3. nóvember 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson, Gunnar Gunnarsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði jafnframt fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 15. október sl. samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur 2015 lagður fram

Ársreikningur GSÍ fyrir árið 2015 lagður fram og farið yfir helstu niðurstöður. Að því loknu var hann samþykktur og stjórnarmenn undirrituðu ársreikninginn. Þá var samþykkt að félagsgjöld Golfklúbbsins Laka yrðu afskrifuð, þar sem hann var lagður niður á árinu.

3. Tillögur í mótamálum

Haukur Örn fór yfir helstu atriði í tillögum starfshóps um framtíð mótaraðar þeirra bestu – Eimskipsmótaröðina 2016-2018. Í hópnum voru 19 einstaklingar sem komu úr ólíkum hornum hreyfingarinnar og fundaði hann reglulega frá því í lok ágúst, en samtals urðu fundir hópsins átta talsins.

Markmið hópsins var að búa til mótarið sem væri eftirsóknarverð fyrir bestu kylfinga landsins og leggur hópurinn fram ýmsar tillögur til að ná þeim markmiðum. Tillögur hópsins felast m.a. að fjölga mótum í átta, breyta keppnistímabilinu og lækka hámarksforgjöf í mót á mótariðinni.

Tillögurnar voru ræddar ítarlega og samþykkt að senda þær út til klubbanna með örfáum breytingum.

4. Lagabreytingar

Bergþóra fór yfir tillögur laganefndar sem nefndin leggur til að lagðar verði fyrir golfþing. Bæði er um að ræða breytingar sem nauðsynlegt er til að aðlaga lögin að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á alþjóðlega umhverfi, s.s. að reglur séu nú samkvæmt reglum R&A Rules Limited í stað The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews og hins vegar tillögur um breytt verklag varðandi kjörnefnd, þar sem lagt er til að kjörnefnd verði kosin á golfþingi sem starfi til loka næsta þings. Þá er lagt til að stjórn skulu skipuð 11 mönnum í stað 7, en fellt niður ákvæði um að kosnir séu 3 menn í varastjórn. Þá er jafnframt lagt til að úrskurðum aganefndar sé hægt að skjóta til dómstóla GSÍ ef þeir kveða á um keppnisbann sem er meira en þrjú mánuðir eða keppnisbann sem nær til fleiri en sex móta. Samþykkt að leggja fram þessar tillögur á golfþingi og framkvæmdastjóra falið að kynna tillögurnar með hefðbundnum hætti.

5. Tillögur fyrir golfþing

Samþykkt að leggja til við golfþing að stjórn skipi starfshóp sem hafi það hlutverk að gera úttekt á tölvukerfi sambandsins með hliðsjón af þörfum sambandsins, golfklubbanna og þeirra félagsmanna sem nýta kerfið.



Þá kynnti Eggert Ágúst tillögur að breytingum á reglum um leikkort. Tillögurnar ganga útá að golfklúbbarnir og GSÍ geri með sér áframhaldandi samstarf um útgáfu á leikkortum þar sem annars vegar verði gefin út vildarkort til sjálfboðaliða í golfhreyfingunni, sem nánar er útlistað í reglunum og hins vegar fríkort til samstarfsaðila og fulltrúa fjölmiðla. Samþykkt að leggja fram þessar tillögur fyrir golfþing.

Þá hafa borist tvær tillögur frá Golfklúbbnum í Brautarholti, önnur um breytingar á reglum um frítt spil og hinsvegar tillaga um að breytilegur holufjöldi gildi til forgjafar. Framkvæmdastjóra falið að koma tillögunum á framfæri við klúbbana í samræmi við lög sambandsins.

6. Dagskrá þingsins

Lögð fram dagskrá þingsins og fundarboð til golfklúbbanna. Á föstudeginum verður málþing um Framtíð golfíþróttarinnar og hefst það kl.17:00.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.20:10.